

## GJALDSKRÁ

### um meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 1. gr.

##### *Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 36/2010 um sorphirðu og sorpeyðingu í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### 2. gr.

##### *Sorphirðugjald.*

Innheimta skal sorphirðugjald af öllu íbúðarhúsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsetning af grátunnu og blátunnu og tekur mið af stærð þeirra íláta og losunartíðni fyrir viðkomandi íbúðarhúsnæði.

<i>Ílátastærð</i>	<i>Grátunna</i>	<i>Blátunna</i>
240 l ílát	14.518 kr.	6.297 kr.
660 l ílát	41.893 kr.	19.276 kr.
1.100 l ílát	68.849 kr.	31.158 kr.
8.000 l ílát	153.243 kr.	

*Grátunna:* losun á 14 daga fresti.

*Blátunna:* losun á 42 daga fresti.

#### 3. gr.

##### *Sorpeyðingargjald.*

Innheimta skal sorpeyðingargjald af öllu húsnæði í Grímsnes- og Grafningshreppi, íbúðarhúsnæði, frístundahúsnæði og atvinnuhúsnæði. Sorpeyðingargjaldið skal vera í samræmi við áætlað magn heimilisúrgangs sem til fellur hjá viðkomandi húsnæði á ársgrunni ásamt umsýslukostnaði vegna þess.

<i>Sorpeyðingargjald</i>	
Íbúðarhúsnæði	17.558 kr.
Frístundahúsnæði	12.879 kr.
Lögbýli	8.586 kr.
Fyrirtæki	17.172 kr.

#### 4. gr.

##### *Gjaldtaka á móttökustöð.*

Gjaldfrjálst verður á gámostöð fyrir allt að 3 m<sup>3</sup> vikulega. Umframmagn er gjaldskyld á móttökustöð og miðast við m<sup>3</sup> þess úrgangsmagns sem afsettt er. Allur úrgangur er gjaldskyldur við afsetningu nema brotamálmur og úrgangur sem ber úrvinnslugjald Úrvinnslusjóðs.

Móttökugjald á einn m<sup>3</sup> er kr. 4.000.

#### 5. gr.

##### *Gjaldtaka þjónustuverktaka.*

Gjaldtaka þjónustuverktaka gagnvart frístunda- eða atvinnuhúsnæði í beinum samningum milli þessara aðila skal taka mið af verksamningi milli þjónustuverktaka og sveitarfélagsins, þannig að einingarverð skal aldrei vera hærra en verksamningur tilgreinir.

6. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 20. nóvember 2014 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 12. desember 2014. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1257/2013 fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Grímsnes- og Grafningshreppi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 15. desember 2014.*

**Ingibjörg Harðardóttir** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. janúar 2015